



Umferðaröryggisstefna Grindavíkurbæjar

Stefnan sem hér er sett fram er stutt en hnitmiðuð og er ætlað setja fram áherslur Grindavíkurbæjar í umferðaröryggismálum. Aðgerðaráætlun hvers árs verður ákveðin í fjárhagsáætlunarvinnu á hverju hausti eftir samráð við íbúa, lögreglu, slökkvilið, Vegagerðina, skólasamfélagið, umferðaröryggisnefnd o.s.frv. Framkvæmdum í aðgerðaráætlun verður forgangsraðað í samræmi við þá stefnu sem hér er sett fram. Markmið umferðaröryggisstefnu Grindavíkurbæjar er að fækka slysum í umferðinni og gera alla vinnu í málaflokknum markvissari.

Leiðarljós

Ökumaður og faratæki

- Umferðarhraði í þéttbýli:
 - Almennt 30 km/klst.
 - Í kringum skóla og íþróttamannvirki 15-30 km/klst.
 - 50 km/klst. á hafnarsvæði, Hópsbraut, Austurvegi eftir íbúasvæði, Víkurbraut ofan Hringtorgs og á Ránargötu neðan Mánagötu.
 - Vistgata við Hópskóla
- Umferðarhraði í dreifbýli: Háð ákvörðun Vegagerðarinnar.
- Almenna reglan er sú að umferðaréttur við gatnamót sé bið- og stöðvunarskylda. Einstaka gatnamót kunna að hafa ljósastýringu eða hringtorg.
- Hraðatakmarkanir í götum séu í samræmi við umferðarhraða. Ákvörðun um aðgerðir til að takmarka hraða verða ekki teknar nema að undangenginni úttekt á umferð í götunni.
- Stígakerfi verði skoðað m.t.t. tenginga milli hverfa.
- Þungatakmörkun á Víkurbraut neðan Sunnubrautar.

Fræðsla og forvarnir

- Árlegt samstarf lögreglu og skólasamfélagsins haldi áfram. Stöðug fræðsla skólabarna og foreldra þeirra varðandi börn og unglunga í umferðinni.
- Eftirlit með umferðarhraða er á höndum lögreglu. Sveitarfélagið stefnir á að koma upp færanlegum hraðaáminningarskiltum.
- Sveitarfélagið stefnir að því að taka út umferðaröryggismál í sveitarfélaginu á hverju kjörtímabili.
- Sveitarfélagið mun, ef tilefni er til, setja í gang eða taka þátt í átaki um ákveðin atriði sem bæta þarf úr hvað varðar umferðaröryggismál.
- Fræða almenning um umferðaröryggismál og huga að sýnileika skilta.

Öruggari vegir og umhverfi þeirra

- Árlega verður farið yfir skiltamál og götumálningu á götum.
- Uppbygging göngu- og hjólaleiða haldi áfram innan og utan þéttbýlis. Samráðs leitað við Vegagerðina þar sem við á.



- Útsýni/sjónlengdir akandi vegfarenda sé ekki skert m.a. við gatnamót með skiltum, út af bifreiðum í bílastæðum o.s.frv.
- Opin svæði innan þéttbýlis verði frágengin í samræmi við deiliskipulag og hugað sérstaklega að umferðaröryggismálum þegar farið er af þessum svæðum út á götur.
- Gatnalýsing verði Led-vædd, gangbrautir á algengustu leiðum barna verða lýst sérstaklega.
- Við hönnun gatna í nýjum hverfum verður sérstaklega horft til umferðaröryggismála frá upphafi.

Samstarf og þróun

- Samráð við íbúa á hverju hausti þar sem óskað er eftir ábendingum um úrbætur.
- Samtal árlega við Vegagerðina um vegi í þeirra umsjá í fjárhagsáætlunarvinnu hvers árs.
 - Ábendingum um aðgerðir við vegi í umsjá Vegagerðarinnar (Grindavíkurvegur, Suðurstrandarvegur, Nesvegur og Ránargata) komið á framfæri.
- Regluleg samskipti við lögreglu.
- Fundir skipulagsnefndar með fulltrúum umferðaröryggisnefndar a.m.k. tvisvar á ári.
- Slysaskráning hvers árs skoðuð og úrbætur lagðar til í aðgerðaráætlun.

Samþykkt í skipulagsnefnd þann xx.xx.2021 og í bæjarstjórn þann xx.xx.xx.2022.